

FUNDARGERÐ SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA.

276. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 3 nóvember 2016 kl. 17:00 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Fundinn sátu:

Guðjón Þórarinn Loftsson, Árborg Ragnarsdóttir, Hallfríður Ósk Ólafsdóttir og Ragnar Smári Helgason.

Byggingarfulltrúi: Ólafur Jakobsson

Fundarritari: Guðjón Þórarinn Loftsson

Dagskrá:

1. Erindi nr. 1610097. Borgarhlíð 14, stofnun lóðarinnar í landi Litlu Borgar ehf.
2. Erindi nr. 1610036. Kollsá 2, umsókn um byggingarreit.
3. Erindi nr. 1610091. Katadalur, umsókn um stofnun lóðar.
4. Erindi nr. 1611001. Norðurbraut 1, viðbygging við hótél.
5. Erindi nr. 1611003. Skálholtsvík 6, landskipti.
6. Fundargerðir afgreiðslufunda byggingarfulltrúa nr. 13 frá 20.10.2016 og 14 frá 31.10.2016 lagðar fram.

Tekið á dagskrá:

7. Erindi nr. 1611008. Skúli H. Hilmarsson, 540598-2829, óskar eftir umsögn skipulags- og umhverfissráðs um gangbraut á Hlíðarveg á mótis við sundlaugina samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti. Í því felst málun götunnar og uppsetning skilta beggja vegna götunnar.

Afgreiðslur:

1. **Erindi nr. 1610097.** Eiríkur Hans Sigurðsson, kt. 040542-3619 sækir, með erindi dagsettu 7.10.2016, fyrir hönd Litlu Borgar ehf, kt. 540906-0250, um leyfi til að stofna lóð samkvæmt núgildandi deiliskipulagi frístundahúsalóða í landi Litlu-Borgar sem samþykkt var 2013. Nýja lóðin fær nafnið Borgarhlíð 14 lnr. 224626.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindi umsækjanda.

2. **Erindi nr. 1610036.** Ragnar Pálmason, kt. 210864-5989 sækir, með erindi mótteknu 9. október sl., um byggingarreit fyrir viðbyggingu við fjárhús, mhl. 06 og 09, að Kollsá 2, lnr. 142205. Meðfylgjandi er uppdráttur sem sýnir byggingarreitinn og áður nefnda matshluta.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindi umsækjanda, með fyrirvara um jákvæða umsögn Minjastofnunar og samþykki meðeigenda.

3. **Erindi nr. 1610091.** Jón Guðmundsson, kt. 101256-3839, og Erla Guðmundsdóttir, kt. 041062-2159 sækja, með erindi mótteknu 20. október sl., um leyfi til að stofna nýja lóð úr jörðinni Katadal, landnúmer 144542, samkvæmt meðfylgjandi hnitsettum uppdrætti gerðum af Loftmyndum ehf, merktum KHS. Innan afmarkaðrar lóðar er íbúðarhúsið.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindi umsækjenda.

4. **Erindi nr. 1611001.** Bjarni Þór Einarsson, kt. 310348-2449 sækir, fyrir hönd Hótel Hvatmstanga slf., með erindi dags. 31.10.2016 um umsögn ráðsins fyrir viðbyggingu við núverandi hótél að Norðurbraut 1, samkvæmt meðfylgjandi drögum að teikningum nr. 160901-NB1001-1002.

Skipulags- og umhverfissráð tekur jákvætt í erindið og samþykkir að byggingaráformin verði grenndarkynnt fyrir þeim aðilum sem eiga hagsmuna að gæta þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir.

5. **Erindi nr. 1611003.** Magnús Ólafsson kt. 090246-2679 f.h. Jóhannesar Jónssonar, kt. 221044-4959 og Sveinbjörns Jónssonar, kt. 171142-7769, sækir með erindi dags. 31.10.2016. um stofnun lóðar út úr lóðinni Skálholtsvík 6, lnr. 201330, samkvæmt meðfylgjandi hnitsettum uppdrætti. Hin nýja lóð fær heitið Skálholtsvík 7. Á lóðinni verður hlaða sem skráð var matshluti 02 á upprunalóðinni. Upprunalóðin var leyst úr landbúnaðarnotkun í landskiptum fyrr á árinu.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

6. Fundargerðir afgreiðslufunda byggingarfulltrúa nr. 13 frá 20.10.2016 og 14 frá 31.10.2016 lagðar fram til kynningar.

Tekið á dagskrá:

7. **Erindi nr. 1611009.** Skúli H. Hilmarsson, kt. 540598-2829, óskar, fyrir hönd Húnaþings vestra, eftir umsögn skipulags- og umhverfissráðs um gangbraut á Hlíðarveg á móts við sundlaugina samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti. Gangbrautin verður merkt með málun götunnar og uppsetningu skilta beggja vegna hennar.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir staðsetningu gangbrautarinnar fyrir sitt leyti.

Skipulags- og umhverfissráð bendir á að afgreiðslur ráðsins jafngilda EKKI byggingarleyfi. Byggingarfulltrúi gefur út byggingarleyfið þegar öll tilheyrandi gögn hafa borist og sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur staðfest fundargerðina.

Fundargerð upplesin og samþykkt. **Fundi slitið kl. 18:00**

Guðjón Þórarinn Loftsson

Árborg Ragnarsdóttir

Hallfríður Ósk Ólafsdóttir

Ragnar Smári Helgason

Ólafur Jakobsson